

2. fundur Starfhóps um uppbyggingu á Fjöliðjunni vinnu- og hæfingarstaðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18, 6. júlí 2021 og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Einar Brandsson bæjarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson fulltrúi Akraneskaupstaðar og Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður Fjöliðjunnar.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, Starfshópur.

Fyrir tekið:

1. 2106089 - Fjöliðjan uppbygging á húsnæði - starfshópur

Starfshópurinn hafði á 1. fundi sínum vísað fyrirbyggjandi drögum að innraskipulagi hönnunar á Fjöliðjunni vinnu- og hæfingarstað til umsagnar hjá Notendaráði. Notendaráð tók málið fyrir á 9. fundi sínum þann 5. júlí 2021. Umsöng notendaráðs liggur fyrir og er eftirfarandi:

Notendaráðið gerir að svo komnu máli ekki athugasemdir við vinnu starfshópsins, en beinir því eindregið til starfshópsins að endurskoða það rými sem nú er ætlað undir opið svæði (ljósgarður). Fram kom á fundinum að Notendaráði verði kynnt tillögur þegar hönnunarvinnan verður lengra komin.

Lögð fram bókun notendaráðs frá 5.júlí s.l. Starfshópurinn leggur til að skoðað verði frekar notkun á opnu svæði (ljósgarður) þegar frekari hönnun fer fram sbr. bókun notendaráðs.

Ennfremur komu fram ábendingar frá Kristínu Þóru Jóhannsdóttur um skoðun og fyrirkomulag á salernismálum í enduruppbyggingu á fjöliðjunni.

2. 2106184 - Fjöliðjan - umsókn um styrk í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga- bygging hæfingar

Drög að umsókn um styrk til Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna uppbyggingar á Fjöliðjunni.

Starfshópurinn samþykkir fyrirbyggjandi bréf til fasteignasjóðs jöfnunarsjóðs um styrk til Akraneskaupstaðar vegna uppbyggingar á Fjöliðjunni vinnu - og hæfingarstað.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:00.